



Viðtakandi: Menningar- og íþróttaráð
Sendandi: Menningar- og íþróttasvið (MÍR)

Reykjavík, 12. nóvember 2025

MIR25110002

TILLAGA AÐ BREYTTTRI TILHÖGUN RÁÐNINGA SUMARLIÐA

Tillaga: að breytttri tilhögun ráðninga sumarliða

Síðastliðin ár hefur Hitt Húsið með aðstoð MÍR haldið utan um verkefnið *Sumarliðar Reykjavíkurborgar*. Verkefnið hefur tvíþættan tilgang, í fyrsta lagi að fjölga sumarstörfum fyrir ungt fólk á aldrinum 17-25 ára í Reykjavík og í öðru lagi að styðja við framkvæmd frístundaúrræða yfir sumartímann fyrir börn á aldrinum 6-12 ára.

Hitt Húsið hefur tekið við umsóknum frá félögum sem hafa haldið úti sumarnámskeiðum fyrir börn. Hitt Húsið og MÍR hafa yfirfarið umsóknir og úthlutað sumarliðum til félaganna. Reykjavíkurborg hefur gengið frá ráðningarsamningi við sumarliða. Eiginlegt boðvald yfir sumarliðum hefur þó verið á hendi félaganna sem halda úti sumarnámskeiðunum.

Að mati MÍR og Hins Hússins endurspeglar þetta fyrirkomulag ekki með réttum hætti vinnuréttarsambandið sem sumarliðar eru að undirgangast. Reykjavíkurborg hefur ekki haft boðvald yfir sumarliðum og er því talið rétt að breyta tilhögun á þá leið að vinnuréttarsambandið verði í samræmi við raunverulega framkvæmd milli sumarliða og félaganna án aðkomu Reykjavíkurborgar.

MÍR og Hitt Húsið leggja til að umgjörð um verkefnið Sumarliðar í Reykjavík verði breytt á þá leið að styrktarsjóður verði settur á laggirnar með skýrum og aðgengilegum reglum. Félög geti sótt um styrk og Reykjavíkurborg veiti þá styrki sem jafngildi launum og launatengdum gjöldum sumarliða en það verði á ábyrgð félaga að ganga frá ráðningarsamningum við sumarliðana.

Þessi tilhögun er talin stuðla að auknu jafnræði og fyrirsjáanleika fyrir þá sem hafa áhuga á að fá styrk til sumarnámskeiðahalds. Gerir skýrari kröfur til styrkþega og ætti þegar fram líða stundir að einfalda ut anumhald um verkefnið, auka aðhald og eftirlit og leiða til hagræðingar.



Reykjavík